

Ed.

81. Frumvarp til laga

[62. mál]

um embættisbústaði héraðsdýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdýralækna, láta byggja, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íbúðarhús handa héraðsdýralæknum.

Heimilt er ríkisstjórninni að kaupa íbúðarhús til þessara nota, þar sem slíkt þykir hagkvæmara. Höfð skulu samráð við yfirdýralækni um kaup á húsum og byggingu húsa, samkvæmt þessari grein.

Þar skal fyrst byggt, sem þörfin er talin brýnust að dómi landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar í umdæmi héraðsdýralæknis embættisbústaður skuli staðsettur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

3. gr.

Byggingar skulu gerðar eftir teikningum og kostnaðaráætlun, sem ráðherra hefur samþykkt, og skal trúnaðarmaður ráðherra hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum. Vandað skal eftir föngum til bygginganna og þess gætt, að þar sé rúm fyrir vinnustofu, lyfjageymslu o. s. frv., eftir því sem henta þykir.

4. gr.

Um viðhald embættisbústaðar, váttryggingu, úttekt við embættaskipti o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk landbúnaðarráðherra, og hafa allir nefndarmenn óbundnar hendur um það og breytingar, er fram kunna að koma. Frá ráðuneytinu fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið samkvæmt ósk yfirdýralæknis og formanns Dýralæknafélags Íslands. Frumvarpið er sniðið eftir lögum um embættisbústaði dómara, nr. 96 5. júní 1947. Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til bréfs yfirdýralæknis og formanns Dýralæknafélags Íslands til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 19. október s. l., sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Keldum, 19. október 1956.

Við undirritaðir leyfum okkur hér með að gera stutta grein fyrir uppkasti að lögum um embættisbústaði héraðsdýralækna, sem við höfum sent yður til vinsamlegrar athugunar og fyrirgreiðslu.

Eins og kunnugt er, hefur embættum héraðsdýralækna nýlega verið fjölgað, þannig að landinu er nú skipt í 12 umdæmi eða héruð. Enn hafa þó ekki fengizt menn til þess að gegna öllum þessum embættum, en fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum ljúka svo margir Íslendingar dýralæknisprófi, að öll embætti ættu að verða setin.

Til þessa hafa ekki verið til í lögum nein ákvæði um embættisbústaði héraðsdýralækna, eins og verið hefur um bústaði t. d. presta, dómara og lækna. Þess vegna hefur eigi skapazt nein föst regla í þessum málum. Í einu héraði hefur ríkið látið byggja hús yfir dýralækni (Egilsstaðir), í öðru héraði hefur ríkið keypt hús til afnota fyrir dýralækni (Borgarnes), en í öllum öðrum héruðum hafa dýralæknar sjálfir séð sér fyrir húsnæði.

Nú er þannig háttáð með sum hin nýju héruð, að þar er ekki til viðunandi húsnæði, hvorki til leigu né kaups, á þeim stöðum, þar sem heppilegast væri að dýralæknir hefði aðsetur, t. d. Dalasýslu- og Laugarásumdæmi.

Dýralæknir, sem settur verður til að gegna störfum í þessum héruðum, verður því að byrja á því að byggja yfir sig hús, en slíkt er, eins og málum er nú háttáð, ofvaxið fjárhagsgetu ungra manna, sem nýkomnir eru frá löngu og kostnaðarsómu námi, oft með námsskuldir á baki, því að jafnframt þurfa þessir ungu menn, um leið og þeir hefja starf, að ráðast í verulega fjárfestingu vegna kaupa á áhöldum, lyfjabirgðum og bifreið. Ef eigi verður bætt aðstaða í þessum efnum með hjálp ríkissjóðs til byggingar embættisbústaða, má búast við, að erfitt verði að fá dýralækna til að gegna störfum í þessum héruðum enn um skeið.

Í nokkrum héruðum er að vísu unnt að fá húsnæði til leigu eða kaups í hinum stærri bæjum. En venjulegar íbúðir henta oftast illa starfandi dýralæknum, þar sem þeir þurfa hentuga aðstöðu til lyfjageymslu og afgreiðslu, geymslu og sótt-hreinsunar á áhöldum o. s. frv., sem yfirleitt er ekki fyrir hendi í venjulegum íbúðum. Þarf því oftast að breyta slíku húsnæði allverulega, til þess að það henti starfsemi dýralæknis. Eru slíkar breytingar að sjálfsgöðu ærið kostnaðarsamar og húseigendur oft tregir til að leggja í slíkar breytingar, sem eingöngu væru sniðnar fyrir afnot dýralæknis, en kæmu ekki að notum fyrir aðra leigjendur húsnæðisins.

Af þessum sökum eiga dýralæknar erfiðara en flestir aðrir með að finna heppilegt húsnæði á hinum venjulega leigu- og sölumarkaði húsnæðis.

Við teljum því þörf fyrir embættisbústað dýralækna einnig mikla á þeim stöðum, þar sem hús ganga kaupum og solum og þótt völ sé þar á leiguhúsnæði öðru hverju.

Þá virðist okkur óeðlilegt, að ríkið eigi embættisbústaði fyrir héraðsdýralækna í sumum héruðum, en ekki í öðrum, eins og nú á sér stað, því að í því felst verulegt misræmi milli héraða.

Einnig teljum við ósanngjarnt, að ríkið leggi fram fjármagn til þess að byggja yfir suma embættismenn sína, t. d. prestinn, dómara og lækninn, en héraðsdýralæknirinn á sama stað sé settur skör lægra og verði að búa í óhentugu leiguhúsnæði og greiða margfalt hærri húsaleigu en hinir, þó að hann sé starfsmaður ríkisins og gegni þjónustu og embættisstörfum til jafns við hina.

Eins og skýrt er frá hér að framan, er tilgangurinn með frumvarpi þessu tvíþættur: annars vegar að reyna að koma í veg fyrir, að héruð verði dýralæknislaus, vegna þess að þar er ekkert húsnæði fyrir hendi á hentugum stað, hins vegar að draga úr því misrétti, sem við teljum vera milli embættismanna innbyrðis á sama stað og milli þeirra héraðsdýralæknisumdæma, þar sem ríkið á nú bústaði, og hinna, þar sem slíkur bústaður er ekki fyrir hendi.

Við leyfum okkur því að senda yður frumvarpsuppkast þetta í trausti þess, að háttvirt landbúnaðarnefnd sjái sér fært að ljá máli þessu stuðning og flytja frumvarp þetta á Alþingi því, er nú situr.

Virðingarfyllst,

Jón Pálsson, Páll A. Pálsson,
form. Dýralæknafélags yfirdýralæknir.
Íslands.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.